# Starf sálfræðings

Auglýst er starf sálfræðings í sálfræðiþjónustu fyrir háskólanema á kennslusviði Háskólans á Bifröst. Leitað er að einstaklingi með faglegan metnað og reynslu á sviði sálfræðiþjónustu og áhuga á að taka virkan þátt í uppbyggingu og þróun sálfræðiþjónustu við nemendur skólans. Háskólinn á Bifröst hefur verið leiðandi í uppbyggingu fjarnáms á háskólastigi hér á landi síðastliðin 20 ár og er með starfsstöðvar á Bifröst og í Reykjavík.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

Einstaklings- og hópmiðuð ráðgjöf og stuðningur.
Námskeiðshald, ráðgjöf og fræðsla til nemenda.

Lesa úr og túlka niðurstöður sálfræðilegra prófa.

Þátttaka í þverfaglegri teymisvinnu á kennslusviði.

Frumkvæði í þróun og uppbyggingu sálfræðiþjónustu við HB.

Samstarf við allar deildir háskólans, náms- og starfsráðgjöf og aðra fagaðila.

Þátttaka í þróunarverkefnum jafnt innan háskólans sem utan.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

Framhaldsnám í sálfræði og starfsleyfi til að starfa sem sálfræðingur á Íslandi er skilyrði.
Reynsla af sálfræðiráðgjöf í háskóla er kostur.
Þekking og reynsla af hugrænni atferlismeðferð er kostur
Þekking á sálfræðilegum prófum og greiningartækjum er æskileg.

Reynsla af rafrænni ráðgjöf, hópráðgjöf og upplýsingatækni er kostur.

Frumkvæði, drifkraftur og þjónustulipurð.

Skipulagshæfileikar, sjálfstæð vinnubrögð og samskipta- og samráðsfærni.

Góð íslensku- og enskukunnátta.

**Umsóknir ofl:**

Umsóknum skal fylgja greinargóð náms- og starfsferilskrá, afrit af prófskírteinum og starfsleyfi, ásamt kynningarbréfi. Ráðningin er tímabundin til 9 mánaða, frá 1. nóvember til 1. júlí 2022 og starfshlutfall 50%. **Umsóknarfrestur:** Til og með 28.september 2021. **Starfsstöðvar:** Á Bifröst og í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, kennslustjóri við Háskólann á Bifröst, í síma 433 3000 eða á kennslustjori@bifrost.is.

Háskólinn á Bifröst vinnur samkvæmt jafnréttisáætlun skólans og hvetur alla óháð kyni til að sækja um. Ráðningin er styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem liður í viðbrögðum stjórnvalda til að efla geðheilbrigðisþjónustu í háskólum.